

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 501/1991.

**Edda Márusdóttir**

**Kristín Márusdóttir**

**Jóhannes Jóhannesson og**

**Kristín Jóhannesdóttir**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

**Hendrik Jafetssyni**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

og til réttargæslu

**Margréti Jónsdóttur og**

**Bárði Jóhannessyni**

Dánarbú. Einkaskipti. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1991. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda og að honum verði gert að greiða áfrýjendunum Eddu og Kristínu Márusdætrum málskostnað í héraði og öllum áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti. Þá krefjast áfrýjendur þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru hafðar uppi gegn réttargæslustefndu.

Samkvæmt gögnum málsins lést Hallgrímur Ómar Jóhannesson 30. mars 1989, en ekki 2. mars sama ár, eins og segir í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Meðal þeirra eru endurrit tveggja dóma Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1992 og 8. september 1993 í málum ákærvaldsins gegn réttargæslustefnda Bárði Jóhannessyni, þar sem honum voru gefin að sök nokkur skjalafalsbrot, þar á meðal að hafa notað skuldabréf þau, sem voru grundvöllur áskorunarmáls á hendur Hallgrími Ómari Jóhannessyni og síðar höfðunar þessa máls á hendur áfrýjendum, með

falsaðri undirskrift Hallgríms Ómars. Var réttargæslustefndi sýknaður af þeim ákæruatriðum.

Af hálfu áfrýjenda er fyrir Hæstarétti eingöngu byggt á þeirri málsástæðu, að nafn Hallgríms Ómars Jóhannessonar hafi verið falsað á skuldabréfin, og beri áfrýjendur því enga ábyrgð á greiðslu þeirra.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, höfðaði stefndi áskorunarmál gegn Hallgrími Ómari vegna ofangreindra skuldabréfa, og var stefna löglega birt 8. nóvember 1988 og árituð um aðfararhæfi 7. desember sama ár. Dómsígildi þessu var ekki áfrýjað, og niðurstöðu þess hefur ekki verið hnekkt. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Samkvæmt því verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð einnig staðfest.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Mál þetta var dómtekið að lokinni aðalmeðferð og munnlegum málflutningi 30. maí 1991. Það var endurupptekið 13. september sama ár án annars tilefnis en dráttar á dómsuppsögu, sbr. 120. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og flutt að nýju og dómtekið öðru sinni. Er þessi dráttur á málsmeðferð aðfinnsluverður.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjendur, Edda Márusdóttir, Kristín Márusdóttir, Jóhannes Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir, greiði óskipt stefnda, Hendrik Jafetssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 12. október 1990.

Stefnandi er Hendrik Jafetsson, kt. 211145-4989, Hæðarseli 5, Reykjavík.

Stefndu eru: Margrét Jónsdóttir, kt. 210899-7908, Mímisvegi 2 A, Reykjavík, Jóhannes Jóhannesson, kt. 270521-4289, Háteigsvegi 42, Reykjavík, Bárður Jóhannesson, kt. 240626-2339, Miklubraut 86, Reykjavík, Kristín

Jóhannesdóttir, kt. 040822-5939, Ránargötu 44, Reykjavík, Edda Márusdóttir, kt. 250135-2119, Hörðalandi 10, Reykjavík, Kristín Márusdóttir, kt. 031051-3479, Jóruseili 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 422.534 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. júní 1988 til greiðsludags auk 50.000 króna vegna kostnaðar við fyrri innheimtutilraunir vegna kröfu þessarar, allt að frádregnum 70.000 krónum, sem stefnanda hafa verið greiddar inn á kröfuna.

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júní 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Enn fremur er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk virðisaukaskatts og að dráttarvextir verði reiknaðir af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu stefndu Eddu og Kristínar Márusdætra og tekið til varna, en af hálfu annarra stefndu var ekki sótt þing.

Dómkröfur Eddu og Kristínar voru þær aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði bæjarþingsins frá 26. janúar 1991 var synjað um frávísun málsins.

Dómkröfur systuranna eru nú þær, að þær verði sýknaðar af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti svo og dráttarvexti af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

### *Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi krefur stefndu um greiðslu á skuld skv. áskorunarstefnu, áritaðri um aðfararhæfi 7. desember 1988. Stefnufjárhæð málsins var 422.534 krónur, ákvarðaður málskostnaður 50.000 krónur og dráttarvextir frá 10. júní 1988 til greiðsludags skv. ákvæðum III. kafla vaxtalaga.

Fyrirgreind málsókn var reist á tveimur skuldabréfum. Hallgrímur Ómar Jóhannesson, síðast til heimilis að Mímisvegi 2 A, hafði tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfum þessum ásamt Ósk Auðunsdóttur, Hamrahlíð 37, Reykjavík. Voru kröfur samkvæmt áskorunarstefnunni gerðar aðfararhæfar gagnvart þeim og útgefanda bréfanna, Emerald h/f.

Gert var fjárnám í eignarhluta Óskars í Hamrahlíð 37, og var eignin seld nauðungarsölu 25. janúar 1990, án þess að nokkuð fengist upp í kröfuna.

Hallgrímur Ómar Jóhannesson, sem bar kennitöluna 180841-3269, lést 2. mars 1989.

Með beiðni, dagsettri 17. apríl 1989, sóttu stefndu, sem eru lögerfingjar

Hallgríms Ómars, um leyfi til einkaskipta á dánarbúi hans, og var umbeðið leyfi veitt daginn eftir af skiptaráðanda í Reykjavík.

Með yfirlýsingu, dagsettri 30. maí 1989, afsöluðu stefndu Edda og Kristín Márusdætur sér arfi vegna dánarbús Hallgríms Ómars Jóhannessonar.

Með bréfi, dagsettu 11. maí 1990, krafðist talsmaður Eddu Márusdóttur þess, að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta, og lýsti því yfir, að hún tæki ekki lengur á sig ábyrgð á skuldum búsins.

Í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur 13. desember 1990 var leyfi til einkaskipta fellt úr gildi, þar sem skiptum varð ekki lokið innan 12 mánaða frá útgáfu þess.

Þá var ríkissaksóknara kynnt, að grunur beindist að því, að nafnritun Hallgríms Ómars hefði í einhverjum tilvikum verið fölsuð undir skuldbindingar, með bréfi skiptaréttar, dagsettu 10. janúar 1991.

Stefnandi ber fyrir sig, að með undirskrift sinni á beiðni um leyfi til einkaskipta hafi stefndu tekið á sig óskipta ábyrgð á skuldum dánarbúsins, og vitnar í 4. kafla skiptalaga nr. 3/1878 í þessu efni.

Stefndu Edda og Kristín Márusdætur bera fyrir sig, að sýkna beri þær af öllum kröfum stefnanda, vegna þess að þær séu ekki lengur erfingjar í dánarbúinu, og vísa til yfirlýsingarinnar frá 30. maí 1989 um höfnun arfs. Séu bæði skuldir og eignir búsins þeim óviðkomandi, og sýkna beri þær vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Þá bera þær fyrir sig, að undirskrift Hallgríms Ómars á nefndum skuldabréfum kunni að vera fölsuð.

Enn fremur er bent á, að stefnandi hafi þegar öðlast fjárnámsrétt fyrir skuld sinni með árituninni á áskorunarstefnuna, og vitnað til 1. mgr. 53. gr. skiptalaga í þessu efni.

Að lokum er því haldið fram, að samkvæmt 52. gr. skiptalaga reyni ekki á ábyrgð erfingja á skuldum dánarbús, fyrr en skiptum sé lokið.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Með undirskrift sinni á beiðni um leyfi til einkaskipta á dánarbúi Hallgríms Ómars Jóhannessonar 17. apríl 1989 tóku allir stefndu á sig ábyrgð á öllum skuldum búsins, og fór um meðferð búsins, þ. á m. kröfur á hendur því, eftir ákvæðum 4. kafla skiptalaga nr. 3/1878. Samkvæmt 54. gr., 1. mgr., skiptalaga er stefnanda heimil málsókn á hendur erfingjum, vilji hann öðlast fjárnámsrétt fyrir skuld sinni, en honum er nauðsynlegt að fá aðfararhæfan dóm á hendur þeim til að koma fram fjárnámi til tryggingar kröfu sinni, með því að innheimtutilraunir hans hafa ekki borið árangur.

Ekki verður fallist á það með stefndu Eddu og Kristínu Márusdætrum,

að þær hafi með einhliða yfirlýsingu um, að þær afsöluðu sér arfi vegna dánarbús Hallgríms Ómars, losnað undan skuldbindingum þeim, sem þær undirgengust með nafnritun sinni á beiðnina um einkaskipti. Við undirskrift sína urðu þær bundnar skilmálalaust, og eins og að framan greinir, verða þær að sæta því, að gengið sé að þeim til fullnustu kröfum á hendur búinu og með því að ekki verður fallist á þá vörn, sem hreyft var við aðalmeðferð, að forsenda fyrir undirskrift þeirra hafi verið sú, að selja ætti bifreið í eigu dánarbúsins og að þær hafi ekki gert sér grein fyrir, hvað fælist í undirskrift þeirra, með því að hún er of seint fram komin.

Þá verður það ekki borið fyrir sig í þessu máli, að undirskrift Hallgríms Ómars á skuldabréfin hafi verið fölsuð, þar sem hér er byggt á dómsígildi bæjarþingsins um grundvöll kröfu stefnanda.

Ekki er gerður tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda af hálfu þeirra, sem taka til varna, og þar sem gögn þau, er hann leggur fram til stuðnings þeim, eru í samræmi við stefnukröfurnar, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 120.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Margrét Jónsdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Bárður Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Edda Márusdóttir og Kristín Márusdóttir, greiði stefnanda, Hendrik Jafetssyni, óskipti 422.534 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júní 1988 til greiðsludags og 50.000 kr., allt að frádregnum 70.000 krónum.

Stefndu greiði stefnanda 120.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

---